

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

31. ágúst 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar nr. 10/148 um fjármálastefnu 2018-2022, 968. mál


Samtök sprotafyrirtækja (SSP) fagna áherslum um aukna fjárfestingu í nýsköpun. SSP taka undir mikilvægi þess að stuðningur ríkissjóðs sé til þess að auka hagvöxt til langframa og að horft verði til þess að skapa verðmæt störf og styðja við fjölbreytta efnahagsstarfssemi. SSP telja einnig mikilvægt að horft sé til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna þar sem áhersla er lögð á að efla nýsköpun, enda er það með henni sem áskorunum 21. aldarinnar verður best mætt.

SSP telja að það séu mikil og vannýtt tækifæri fólgin í því að auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun, til dæmis með því að auka fjármagn til Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Þessu til stuðnings má benda á að einungis 8% umsækjenda í Tækniþróunarsjóð hlutu styrk í síðustu úthlutun en oft hefur þetta hlutfall verið um og yfir 20%. Að meðaltali er sjóðurinn að hafna um 75% framúrskarandi verkefna (með A einkunn).

SSP sjá einnig tækifæri fyrir hið opinbera að fjárfesta í stuðningsátaki í markaðssetningu og sölu fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem gæti hraðað aukningu gjaldeyrisstekna og verðmætra starfa.

Ljóst er að áskoranir í kjölfar kórónuveirufaraldursins eru miklar og telja SSP að besta leiðin til að takast á við þær, skapa ný störf, auka gjaldeyristekjur og taka þátt í að ná heimsmarkmiðum SP sé gegnum aukinn stuðning við sprotafyrirtæki og nýsköpun.

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd Samtaka sprotafyrirtækja (SSP)



Íris Ólafsdóttir, formaður